



Reykjavíkurborg  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

## STARFSLEYFI

fyrir móttökustöð fyrir úrgang, flutning úrgangs og flutning spilliefna (Íslenska gámafélagið), að Kalksléttu 1, F2507399.

Nafn leyfishafa: Íslenska gámafélagið ehf.

Heimilisfang: 470596-2289

Póstnúmer: 162

Kennitala: Koparsléttu 2

Útgáfudagur leyfis: 5. október 2021

Gildir til: 5. október 2033

---

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir flutning úrgangs, samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir flutning spilliefna og sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir Íslenska Gámafélagið ehf. fyrir móttökustöð fyrir úrgang að Kalksléttu 1, flutningi á úrgangi og flutningi á spilliefnum.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 5. október 2021



## Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

### 1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

## **2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði**

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfsemi óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

## **3. Meðferð hættulegra efna**

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

## **4. Meðferð úrgangs og spilliefna**

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
  - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
  - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
  - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
  - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
  - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
  - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

## 5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lykta eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólþ, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

## **6. Eigið eftirlit og skráningar**

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
  - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
  - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
  - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

## **7 Starfsemi hætt**

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.



*Samræmd starfsleyfissskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum*

## **Starfsleyfissskilyrði fyrir flutning á úrgangi öðrum en spilliefnum**

### **1. Almenn ákvæði og gildissvið**

- 1.1 Starfsleyfissskilyrði þessi gilda fyrir aðila sem annast söfnun og flutning á úrgangi frá sörpílátum til móttökustöðvar, frá starfsstöðvum til móttökustöðvar eða frá móttökustöðvum til förgunarstöðvar eða til endurvinnslu.  
Leyfið gildir um allt land, en þó ber rekstraraðilanum að tilkynna öðrum heilbrigðiseftirlittsvæðum um starfsemina þegar farið er í fyrsta skipti inn á annað heilbrigðiseftirlittsvæði. Tilkynning getur t.d. falist í því að senda afrit af starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðiseftirlits, sem getur þá haft samband við fyrirtækið, leiðbeint því um val á akstursleiðum, sett strangari skilyrði ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi eða jafnvel bannað akstur um viðkvæm vatnsverndarsvæði.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfissskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfissskilyrði. Heimilt er að endurskoða starfsleyfissskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni sem leiðir til bættra mengunarvarna.
- 1.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfissskilyrðum. Breytingar á rekstri skal tilkynna til leyfisveitanda. Við flutning á spilliefnum sem flokkast sem hættulegur farmur samkvæmt reglugerð nr. 984/2000, um flutning á hættulegum farmi, gilda ákvæði þeirrar reglugerðar eftir því sem við á, m.a. um réttindi ökumanns, viðurkenndar umbúðir, merkingar á umbúðum og ökutæki, fylgibúnað og fylgigögn (farmbréf fyrir hættulegan farm og flutningsslysablað).
- 1.4 Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum, umhverfis- og rekstrarþáttum á hverri starfsstöð. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
  - a) Magn og gerð úrgangs sem flutt eru.
  - b) Vegakort sem sýnir flutningsleiðir sem eknar eru oftast.
  - c) Skrá skal allar akstursleiðir sem liggja um viðkvæm svæði.
  - d) Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa.
  - e) Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir, leka eða slys.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðilum.

## 2. Mengunarvarnir og umhverfismál

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda flutningsbifreiðum, tækjum og búnaði ásamt byggingum og umhverfi hreinu og snyrtilegu. Fullnægjandi aðstaða skal vera fyrir hendi til daglegra þrifa á flutningstækjum.
- 2.2 Flutningstæki skulu vera þannig útbúin að sorp eða úrgangur geti ekki fallið af þeim og/eða úrgangur lekið niður og valdið ónæði eða óþrifum. Ef óhöpp verða skal strax hreinsa og þrifa upp það sem farið hefur niður. Við flutning um fjallvegi, náttúruverndarsvæði og/eða grannsvæði vatnsbóla skal gæta sérstakrar varðúðar.
- 2.3 Einungis er heimilt að losa heimilissorp og framleiðsluúrgang á viðurkenndum sorpmóttöku- eða förgunarstöðum.
- 2.4 Ílát fyrir úrgang skulu merkt svon ekki fari milli mála hvað verið sé að flytja. Ef upplýsingar vantar skal merkja farminn sem óþekktan.
- 2.5 Starfseminni skal þannig hagað að hún valdi ekki nágrönnum eða fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna lyktar eða ónæðis.
- 2.6 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður.

## 3. Eftirlit með færanlegri starfsemi

- 3.1 Fari starfsemin á eftirlitssvæði heilbrigðisnefndar sem ekki hefur gefið út starfsleyfi skal senda tilkynningu til fulltrúa beggja viðeigandi heilbrigðisnefnda sbr. gr.1.1.
- 3.2 Heilbrigðisfulltrúar hafa eftirlit með færanlegri starfsemi í umboði heilbrigðisnefndar á hverju eftirlitssvæði.
- 3.3 Heilbrigðisnefndir gera með sér samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á milli eftirlitssvæða. Gjaldtaka fyrir eftirlit skal vera í samræmi við gjaldskrá viðkomandi eftirlitssvæðis.



## Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning á úrgangi SKILGREININGAR

### **Skilgreiningar skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs:**

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og skráður er á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 13. gr

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.



Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir flutning úrgangs  
Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

útgága  
desember  
2006

*Samræmd starfsleyfissskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum*

## **Starfsleyfissskilyrði fyrir flutning á spilliefnum**

### **1. Almenn ákvæði og gildissvið**

- 1.1 Starfsleyfissskilyrði þessi gilda fyrir aðila sem annast söfnun og flutning á spilliefnum öðrum en þeim sem flutt eru með dælubifreiðum. Starfsleyfi sem gefin eru út á grunni þeirra falla úr gildi ef skipt er um eigendur eða starfsemin flytur. Starfsleyfissskilyrðin gilda fyrir flutning á spilliefnum frá móttökustöð til förgunarstöðvar eða til endurvinnslu.
- Leyfið gildir um allt land, en þó ber rekstraraðilanum að tilkynna öðrum heilbrigðiseftirlittsvæðum um starfsemina þegar farið er í fyrsta skipti inn á annað heilbrigðiseftirlittsvæði. Tilkynning getur t.d. falist í því að senda afrit af starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðiseftirlits, sem getur þá haft samband við fyrirtækið, leiðbeint því um val á akstursleiðum, sett strangari skilyrði ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi eða jafnvel bannað akstur um viðkvæm vatnsverndarsvæði.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfissskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfissskilyrði. Heimilt er að endurskoða starfsleyfissskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni sem leiðir til bættra mengunarvarna.
- 1.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfissskilyrðum. Breytingar á rekstri skal tilkynna til leyfisveitanda. Við flutning á spilliefnum sem flokkast sem hættulegur farmur samkvæmt reglugerð nr. 984/2000, um flutning á hættulegum farmi, gilda ákvæði þeirrar reglugerðar eftir því sem við á, m.a. um réttindi ökumanns, viðurkenndar umbúðir, merkingar á umbúðum og ökutæki, fylgibúnað og fylgigögn (farmbréf fyrir hættulegan farm og flutningsslysablað).
- 1.4 Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með mengandi þáttum, umhverfis- og rekstrarþáttum á hverri starfsstöð. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um:
- Magn og gerð spilliefna sem flutt eru.
  - Vegakort sem sýnir flutningsleiðir sem eknar eru oftast.
  - Skrá skal allar akstursleiðir sem liggja um viðkvæm svæði.
  - Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa.
  - Skrá skal öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir, leka eða slys.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðilum.

## 2. Mengunarvarnir og umhverfismál

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda flutningsbifreiðum, tækjum og búnaði ásamt byggingum og umhverfi hreinu og snyrtilegu. Fullnægjandi aðstaða skal vera fyrir hendi til daglegra þrifa á flutningstækjum.
- 2.2 Flutningstæki skulu vera þannig útbúin að spilliefni geti ekki fallið af þeim og/eða lekið niður og valdið ónæði eða óþrifum. Spilliefnum skal pakkað í lokuð ílát sem heilbrigðiseftirlit samþykkir og geta þau verið mismunandi eftir flutningsleiðum. Ílát skulu tryggilega fest þannig að þau kastist ekki til og tolli í farmrými ef óhöpp verða. Ef óhöpp verða skal strax hreinsa og þrifa upp það sem farið hefur niður. Við flutning um fjallvegi, náttúruverndarsvæði og/eða grannsvæði vatnsbóla skal spilliefnum skal pakkað í tryggilega lokuð ílát, þ.e. gjarðtunnur, málmkör eða annað sem ekki lekur ef til þess kæmi að bifreið myndi velta. Allur flutningur spilliefna um eða yfir brunnsvæði vatnsbóla er bannaður.
- 2.3 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 236/1990. Sá sem tekur við spilliefnum til flutnings skal ganga úr skugga um að umbúðir séu rétt merktar og að farmbréf fylgi. Ef upplýsingar vantar skal merkja farminn sem óþekkt spilliefni.
- 2.4 Rekstraraðili skal hafa tiltækar upplýsingar um eigileika hættulegra efna og úrgangs í stjórnhúsi flutningstækis. Ennfremur skulu vera upplýsingar um eitrunareinkenni efna og úrgangs sem fluttur er, ásamt fyrstu hjálp og viðbrögð við bruna, leka eða slysi. Samskonar upplýsingar skulu vera í aðsetri fyrirtækisins. Þær skulu vera á íslensku eða tungumáli sem ökumaður skilur.
- 2.5 Í bifreiðum sem flytja fljótandi spilliefni ber að hafa til taks efni eða búnað sem sýgur í sig viðkomandi vökva og nota ef óhapp verður. Hvers konar óhöpp þar sem flutningur spilliefna á í hlut ber að tilkynna til neyðarlínu í síma 112.
- 2.6 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 2.7 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður.

### 3. Eftirlit með færánlegri starfsemi

- 3.1 Fari starfsemin á eftirlitssvæði heilbrigðisnefndar sem ekki hefur gefið út starfsleyfi skal senda tilkynningu til fulltrúa beggja viðeigandi heilbrigðisnefnda sbr. gr.1.1.
- 3.2 Heilbrigðisfulltrúar hafa eftirlit með færánlegri starfsemi í umboði heilbrigðisnefndar á hverju eftirlitssvæði.
- 3.3 Heilbrigðisnefndir gera með sér samkomulag um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á milli eftirlitssvæða. Gjaldtaka fyrir eftirlit skal vera í samræmi við gjaldskrá viðkomandi eftirlitssvæðis.

### 4. Ýmis ákvæði

- 4.1 Eintak af starfsreglum þessum skulu ávalt tiltæk á vinnustað.
- 4.2 Um starfsumhverfi og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.
- 4.3 Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði þessi.

## Starfsleyfisráði fyrir flutning á úrgangi SKILGREININGAR

### Skilgreiningar skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs:

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og skráður er á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 13. gr

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla flokkunarmiðstöðvar og förgunarstaðir.



# **Starfsleyfisskilyrði fyrir Íslenska Gámafélagið ehf., kt. 470596-2289, fyrir starfsemi móttökustöðvar fyrir úrgang að Kalksléttu 1, flutning á úrgangi og flutning á spilliefnum.**

## **1. Gildissvið og almenn ákvæði**

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Íslenska Gámafélagsins ehf., kt: 470596-2289 að Kalksléttu 1, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum (m.s.br), reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit m. s. br., reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi m.s.br., lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br. og reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, m.s.b. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, samræmdra starfsleyfisskilyrða fyrir flutningi á úrgangi öðrum en spilliefnum og samræmdra starfsleyfisskilyrða fyrir flutningi á spilliefnum ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda.
- 1.2 Starfsleyfið gildir frá 5. október 2021 til 5. október 2033.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur móttökustöðvar og meðhöndlun á meira en 5.000 tonnum af úrgangi á ári, sbr. lið 72 í viðauka IV í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og lið 8.6 í viðauka X í rlg. 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnir. Starfsleyfið gildir einnig fyrir flutningi úrgangs sbr. lið 25 í viðauka IV í lögum nr. 7/1998 og gámaflutningum og flutningi spilliefna sbr. lið 8.3 í viðauka X í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gerir það kleift að draga umtalsvert úr losun án óhóflegs kostnaðar eða ef annmarkar eru á framkvæmd starfsleyfisskilyrðanna. Jafnframt skal endurskoða starfsleyfið ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við, ef breytingar verða á atvinnurekstri eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi, samanber gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í reglugerð nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.6 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri.



- 1.7 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt vera tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.8 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birting er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.
- 1.9 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.10 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.11 Taki nýr aðili við rekstrinum getur hann sótt um til Heilbrigðiseftirlitsins að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.
- 1.12 Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann gengið úr skugga um að viðkomandi verktaki hafi öll tilskilin leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

## 2. Móttaka úrgangs

- 2.1 Rekstraraðila er heimilt á grundvelli starfsleyfis þessa að taka á móti úrgangsflokkum og magni eins og fram kemur í töflu 1. Í töflunni kemur fram heimilt heildarmagn hvers úrgangsflokks á ársgrundvelli og hámark í hverjum úrgangsflokki sem hafa má á svæði hverju sinni.
- 2.2 Heimilt er að taka á móti raftækjum og koma þeim áfram til móttökustöðvar með leyfi fyrir meðhöndlun raftækja. Fjarlægja má rafhlöður úr raftækjum. Eiga má við raftæki til hagræðingar fyrir flutning, s.s. losa um hluta sem ekki innihalda spilliefni til að þakkest betur, en ekki er heimilt að fjarlægja spilliefni án starfsleyfis frá Umhverfisstofnun fyrir meðhöndlun spilliefna.
- 2.3 Í meðferð alls úrgangs skal gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.





**Tafla 1. Úrgangsflokkar og magntölur samkvæmt starfsleyfi**

| Úrgangsflokkur    | Magn á ársgrundvelli (tonn) | Hámarks magn svæði hverju sinni (tonn) | Athugasemdir  |
|-------------------|-----------------------------|--|---|
| Heimilis úrgangur | 50.000                      | 3.000                                  | Heimilisúrgangur og samskonar úrgangur frá rekstraraðilum o.þ.h |
| Málmar            | 10.000                      | 1.000                                  |   |
| Plast             | 1.500                       | 300                                    |   |
| Pappír            | 15.000                      | 300                                    |   |
| Jarðvegur         | 500                         | 100                                    |   |
| Grófur úrgangur   | 5000                        | 100                                    |   |
| Hjólbarðar        | 3500                        | 300                                    |   |
| Timbur            | 10.000                      | 1.000                                  |   |
| Mataralía         | 500                         | 50                                     |   |
| Raftæki           | 1500                        | 50                                     |   |

### 3. Neyslugeymar

- 3.1 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 3.2 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 3.3 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfiryllingarviðvörðun eða yfiryllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017.
- 3.4 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 3.5 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 3.6 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna. Ganga skal þannig frá afgreiðslulöngu að hún liggi ekki á jörðu.



#### 4. Lóðarmörk, athafnasvæði og ásýnd svæðis.

- 4.1 Starfsleyfisaskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag og takmarkast við lóð rekstraraðilans, að Kalksléttu 1 eins og hún er skilgreind í deiliskipulagi.
- 4.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota, Athafnasvæði skal afmarkað með girðingum sem hindra aðgengi almennings að athafnasvæðinu. Hlið skulu vera læst utan athafnatíma.
- 4.3 Lóð rekstraraðilans skal vera með bundnu, lekaheldu slitlagi. Heimilt er að hafa gróðurbelti að jaðri lóðar sbr. afstöðumynd/deiliskipulag.
- 4.4 Halda skal vinnusvæði, tækjabúnaði og umhverfi eins snyrtilegu og kostur er á og gæta hreinlætis í hvívetna. Komi leki að vinnutækjum skal leki stöðvaður eins fljótt og hægt er og olía/glussi þrífur upp með ísogsefnum sem skal svo farga sem spilliefnum.
- 4.5 Sé úrgangur geymdur utandyra skal honum komið fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Úrgangur eða annað á lóð sem fohætta getur stafað af skal geymt í lokuðum gámum, undir netum eða annarri öruggri geymslu til að hindra fók innan og út af lóð rekstraraðila.
- 4.6 Ávallt skal vera aðskilnaður á milli brennanlegra úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahætta, í samræmi við ábendingar og kröfur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.
- 4.7 Rekstraraðili skal lágmarka aðsókn meindýra að athafnasvæðinu með skipulögðum meindýravörnum. Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu. Framvísa skal samningi við meindýraeyði í eftirliti. Skýrslur meindýraeyðis skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

#### 5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og að beitt sé bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind.
- 5.3 Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.
- 5.4 Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunavörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnarbúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.5 Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur. Lokubúnaður skal vera á frárennsli þannig að verði mengunaráhapp sé hægt að loka fyrir frárennsli frá starfseminni í almenna kerfið.
- 5.6 Verði á starfstímanum mengun af völdum starfsemi rekstraraðilans sem gæti stofnað heilsufari almennings í hættu og/eða valdið rökun lífríkis, skal rekstraraðili koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að berast út í umhverfið. Rekstraraðila



ber að hreinsa þá mengun sem hefur orðið eftir óhapp eða annað atvik, á sinn kostnað.

## 6. Ónæði og óþægindi

- 6.1 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. rgl. nr. 724/2008 um hávaða.
- 6.2 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar og lyktar. Rekstraraðila ber að beita bestu aðgengilegu tækni (BAT) til varnar gegn lyktarónæði og loftmengun frá starfseminni. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá rekstrinum, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar.

## 7. Hættuleg efni og spilliefni

- 7.1 Rekstraraðili skal ávallt leitast við að takmarka notkun mengandi og hættulegra efna við starfsemina.
- 7.2 Verði vart við spilliefni í almennum úrgangi skal hann flokkast frá og flytjast til móttökustöðvar með leyfi fyrir meðhöndlun spilliefna við fyrsta tækifæri nema fyrirtækið hafi gilt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun fyrir meðhöndlun spilliefna. Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til annarar móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur magn (kg eða l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu vera aðgengilegar við eftirlit.
- 7.3 Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi.
- 7.4 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
- 7.5 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.

## 8. Innra eftirlit, skráningar og tilkynningaskylda

- 8.1 Rekstraraðili skal vera með skriflegt innra eftirlit með starfseminni. Skráningar skulu vera aðgengilegar við úttektir og eftirlit Heilbrigðiseftirlitsins. Skrá skal halda yfir:
- Magn og gerð úrgangs sem tekið er á móti.
  - Magn úrgangs, flokkun og meðferð hans, tíðni losunar, fjölda íláta og fjölda heimila vegna söfnunar á flokkuðum heimilisúrgangi frá heimilum í Reykjavík



(sbr. ákvæði í 2. gr. í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg nr. 123/2017)

- c. Gerð og magn spilliefna sem berst með heimilissorpi og ráðstöfun þeirra.
- d. Kvartanir sem berast fyrirtækinu varðandi starfsleyfisskilda starfsemi svo sem lykt, mengun, fok á úrgangi, hávaði og þess háttar. Skrá skal dagsetningu, eðli kvartana og viðbrögð rekstraraðila.
- e. Öll mengunaróhöpp eða þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó, loft eða yfirborðsvatn og viðbrögð við þeim. Slík óhöpp ber að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu tafarlaust um.

- 8.2 Rekstraraðila ber að skila ársskýrslu um starfsemina fyrir undangengið ár til Heilbrigðiseftirlitsins ekki síðar en 1. mars ár hvert. Skýrslan skal að lágmarki innihalda samantekt allra skráninga samkvæmt gr. 8.1 lið a-e.

## 9. Viðbragðsáætlanir

- 9.1 Rekstraraðili skal hafa viðbragðsáætlun sem Heilbrigðiseftirlitið hefur samþykkt um meðhöndlun úrgangs, fari svo að það berist úrgangur sem ekki er heimilaður samkvæmt starfsleyfi þessu eða í magni umfram það sem er heimilað í starfsleyfi. Viðbragðsáætlunin skal í það minnsta innihalda áætlun um meðferð og förgun úrgangsins, mengunarvarnir og áætlun til að hindra ónæði sem skapast getur við vinnslu eða flutning á úrganginum. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 9.2 Rekstraraðili skal hafa viðbragðsáætlun sem Heilbrigðiseftirlitið hefur samþykkt um meðhöndlun úrgangs á lóð móttökustöðvarinnar ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hennar. Viðbragðsáætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem starfsemin liggur niðri. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 9.3 Rekstraraðili skal hafa viðbragðsáætlanir sem Heilbrigðiseftirlitið hefur samþykkt vegna mengunaróhappa. Áætlanirnar skulu innihalda þær aðgerðir sem gera þarf og hægt er að framkvæma í samræmi við tegund óhappsins. Gera skal áætlun fyrir að minnsta kosti eftirfarandi tegundir óhappa: mengun af völdum fljótandi hættulegra efna, mengun andrúmslofts, hljóðmengun, lyktarmengun og bruna. Áætlanirnar skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 9.4 Viðbragðsáætlanir skulu uppfærðar eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfstöð. Heilbrigðiseftirlitið getur við eftirlit sett fram kröfur um að fleiri viðbragðsáætlanir. Viðbragðsáætlanir þurfa að vera sýnilegar á áberandi stað á starfstöðinni. Viðbragðsáætlanir skulu yfirfarnar a.m.k. einu sinni á ári og æfingar skulu fara fram eftir þörfum.

## 10. Starfsemi hætt

- 10.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal öllum úrgangi komið til viðurkenndra móttökustöðva.



- 10.2 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa lóðina. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlitið.
- 10.3 Hreinsun lóðar eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi er hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlitið metið hreinsunina fullnægjandi.

## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

# Íslenska Gámafélagið ehf

kt. 470596-2289

Koparsléttu 22, 162 Reykjavík

**vegna móttökustöðvar fyrir úrgang, flutningur á úrgangi og flutningur á spilliefnum í starfstöð fyrirtækisins að Kalksléttu 1, 162 Reykjavík.**

### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur barst þann 13.10.2020 umsókn Íslenska Gámafélagsins ehf, kt. 470596-2289, um starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang, flutning úrgangs og flutning á spilliefnum að Kalksléttu 1, 162 Reykjavík.

Um er að ræða flutning í nýtt húsnæði og var móttaka umsóknar auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER), [www.reykjavik.is/thjonusta/heilbrigdiseftirlit-reykjavikur](http://www.reykjavik.is/thjonusta/heilbrigdiseftirlit-reykjavikur). Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem lagt var til að um starfsemina gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, samræmd starfsleyfisskilyrðum fyrir flutningi úrgangs, samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir flutningi spilliefna og sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir Íslenska Gámafélagið ehf. fyrir móttökustöð fyrir úrgang að Kalksléttu 1, flutningi á úrgangi og flutningi á spilliefnum.

### 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 12.03.2021 sendi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulagsfulltrúa. Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 16.4. 2021 barst Heilbrigðiseftirlitinu í tölvupósti dags. 26. 4. Í umsögninni kemur fram að ekki sé lagt gegn því að gefið verði út starfsleyfi fyrir móttökustöð að Kalksléttu 1 enda verði öllum ákvæðum deiliskipulags varðandi starfsemi á lóð fylgt til hins ítrasta.

Þann 21.4.2021 óskaði Heilbrigðiseftirlitið eftir umsögn byggingarfulltrúa um það hvort starfsemin samræmdist heimili notkun húsnæðis. Umsögn byggingarfulltrúa barst í tölvupósti dags. 4.10.2021. Í umsögninni kemur fram að húsnæðið heimili þessa notkun og að byggingarfulltrúi geri ekki athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang, flutning á úrgangi og flutning á spilliefnum að Kalksléttu 1.

### 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir móttökustöð fyrir úrgang og flutning á úrgangi og flutning á spilliefnum á vegum Íslenska Gámafélagsins ehf á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins. Auglýsingin var birt þann 12.03.2021 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 08.04.2021.

#### 4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Ein athugasemd við auglýsta tillögu að starfsleyfi barst á auglýsingatíma og rituðu 9 íbúar og landeigendur í Kollafirði undir athugasemdina. Athugasemdin er birt hér að neðan og svar Heilbrigðiseftirlitsins þar fyrir neðan. Strikað hefur verið yfir Persónugreinanlegar upplýsingar aðrar en nöfn samkvæmt ráðleggingum lögfræðinga umhverfis- og skipulagssíðs Reykjavíkur sem veita Heilbrigðiseftirlitinu ráðgjöf í málefnum persónuverndar.

Íbúar og landeigendur við Kollafjörð gera athugasemdir við útgáfu starfsleyfis Íslenska Gámafélagsins ehf. Kalksléttu 1.

Við íbúar og landeigendur við Kollafjörð búum í 650-1400 metra loftlínu fjarlægð frá væntanlegri starfsstöð Íslenska Gámafélagsins og erum því algjörlega mótfallin allri vinnslu og geymslu á lífrænum úrgangi utandyra á starfssvæðinu. Hvort sem er nú eða í nánari framtíð. En í fylgiskjali með starfsleyfis umsókninni kemur fram:

#### 5. Jarðgerð lífræns úrgangs

- a. Jarðgerð. Á svæðinu fer fram jarðgerð á lífrænum heimilisúrgangi sem safnað er frá heimilum og mótuneytum. Jarðgerðin fer fram í múgum. Moltan er síðan sigtuð og notuð sem jarðvegsbætir.



- b. Timburkurlun. Allt timbur sem berst á svæðið er kurlað. Hreint timbur er kurlað og notað t.d. sem stoðefni í jarðgerð en litað timbur er kurlað og notað sem þrifalag á urðunarstaði. Einnig er möguleiki á að kurlað timbur verði skipa út til endurvinnslu.

#### 6. Móttaka á úrgangi til endurvinnslu

- a. Gert er ráð fyrir að hægt verði að taka á móti úrgangi til endurvinnslu frá aðilum sem sjá um að koma með úrganginn til fyrirtækisins.

og í öðru fylgiskjali með umsókninni :



Starfsemi sem hugsanlega verður sótt um á síðari stigum:

#### 4. Jarðgerð lífræns úrgangs

- a. Gert er ráð fyrir að skoðað verði hvort jarðgerð lífræns úrgangs fari fram á svæðinu og þá með hvaða hætti sú vinnsla yrði. Ekki er því sótt um starfsleyfi til jarðgerðar á þessu stigi en framkvæmdir á svæðinu miða við að hægt verði að sækja um slíkt leyfi síðar



Starfssvæðið stendur nokkuð hátt í umhverfinu og hættan á lyktar- og hávaðamengun því talsverð hingað niður í botn Kollafjarðar og að Esjunni.

Moltugerð úr lífrænum úrgangi utanhúss hefur verið tilefni til margra kvartana v.lyktarmengunar m.a. úr Rimahverfi vegna starfsemi Íslenska Gámafélagsins og áður úr Leirvogstunguhverfi vegna Sorpu.

Því förum við fram á að eftirfarandi skilmálar sem eru í starfsleyfi Sorpu verði skilyrðislaust sett inn í starfsleyfi Íslenska Gámafélagsins

### **„3.4 Hráefnisgeymslur og umgengi um lóð**

*Óheimilt er að geyma úrgang, jarðgerðarefni eða unninn jarðvegsbæti úti við á lóð rekstraraðila. Slík efni skal ávallt geyma innan dyra.“*

Einnig kemur skýrt fram í eigendasamkomulagi Sorpu

#### **1.2. Meðhöndlun lífræns úrgangs.**

Meðhöndlun lífræns úrgangs í sérstakri gas- og jarðgerðarstöð sem fyrirhugað er að setja upp í Álfsnesi fari fram með ströngum skilyrðum, sem felast í eftirfarandi:

- a. Lögð verði áhersla á fullkomnar (skv. bestu fánlegu tækni) mengunarvarnir í stöðinni og notaðar lífsíur og aðrar þær bestu lausnir sem fánlegar eru á markaði.
- b. Stöðin verði byggð í einum áfanga, Stöðin verði tekin í notkun innan 2ja til 3ja ára ára frá undirritun þessa samkomulags. Fjárfestingar- og rekstraráætlun sem og arðsemismat væntanlegrar gasgerðarstöðvar skal taka mið af ofangreindum forsendum um uppbyggingarhraða og tæknilega útfærslu og frágang stöðvarinnar og athafnasvæðis hennar.
- c. Stöðin verði staðsett sem fjærst þéttbýli í Mosfellsbæ, norðarlega á nesinu eins og sýnt er á fylgiskjali 1, þar sem litlar líkur eru á lyktarmengun í byggð og stöðin er lítið sýnileg frá Mosfellsbæ.
- d. Móttökurými stöðvarinnar verði yfirbyggt og lokað, með millirými sem er þannig hannað að ekki sé opið beint úr vinnslurými og út til að koma í veg fyrir að lykt úr vinnslurými geti borist út í andrúmsloftið.
- e. Það rými sem moltuefni er losað út úr verði yfirbyggt og lokað, með millirými sem er þannig hannað að ekki sé opið beint úr vinnslurými og út til að koma í veg fyrir að lykt úr vinnslurými geti borist út í andrúmsloftið.

Þessi atriði eiga að sjálfsögðu einnig við um starfsemi Íslenska Gámafélagsins. Einnig viljum við benda á athugasemdir frá Sorpu sbr. neðangreint, um moltu- og moltugerð á Esjumelum, en skjölin sem vísað er til eru hjá Reykjavíkurborg.



**Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur**

Umhverfiseftirlit



Umhverfis- og skiplagssvið Reykjavíkurborgar  
b.t Haraldur Sigurðsson  
Borgartúni 12 - 14  
105 Reykjavík

Reykjavík 23. ágúst 2018

**UMSÖGN UM TILLÖGU AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAG (DRÖG).**

Með skeyti þann 27. júní 2018 var SORPU gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við drög að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur „*Iðnaður og önnur landflek starfsemi, breyting nr. 26, júní 2018*“.

Að öllu framansögðu ítrekum við að allt sem viðkemur lífrænum úrgangi og moltu verði skilyrðislaust innanhúss.

Fráveitumál frá Esjumelum eru enn í miklu ólagi þrátt fyrir mikla uppbyggingu á svæðinu og ekkert hefur verið að gert síðan bókað var í fundargerð hagsmunaaðilafundar Esjumelar, Kjalarnes. 18.febrúar 2016 “Einnig komu fram ábendingar varðandi að taka þyrfti að fráveitumálum á svæðinu þar sem slíkt kerfi er ekki til staðar í dag. Er það í samræmi við ábendingu heilbrigðiseftirlitsins á vinnslutíma tillögu. “

Minnt er á að Kollafjörður er skilgreindur sem viðkvæmur viðtaki og ljóst að með svo mikilli starfsemi sem fram mun fara hjá Íslenska Gámafélaginu kallar á verulegar úrbætur á fráveitumálum.

Virðingarfyllst,



Reykjavík 08.04.2021

Athugasemdir v. útgáfu ætlaðs starfsleyfis fyrir Íslenska Gámafélagið frá íbúum og landeigendum í Kollafirði.

Virðingarfylg

Sigríður Ingólfsson

Guðrún Beckmann

Þurgrímur Hjartarson

Anna Sævarstéttar

Emmaja Þorvaldsson

Marius Þorvaldsson

K. Linda Kristján

Þorbjörg Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Óskað er þess að kennitölur og heimilisföng undirritaðra komi hvergi fram, m.a. í fundargerðum, né verði deilt til annarra vegna persónuverndar.

#### Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Athugasemdirnar snúa að mestu um andstöðu við moltugerð á lóðinni vegna mögulegra lyktaráhrifa. Ekki er sótt um starfsleyfi fyrir moltugerð né er verið að veita starfsleyfi fyrir moltugerð. Moltugerð er ekki heimil samkvæmt því starfsleyfi sem hér er gerð grein fyrir. Ekki er þörf á að svara athugasemdum um moltugerð efnilega á annan hátt. Einnig er komið inn á fráveitumál í athugasemdunum. Þar er því til að svara að samkvæmt upplýsingum Heilbrigðiseftirlitsins er unnið að úrbótum á fráveitu frá Esjumelum þó ekki liggi fyrir hvenær þeim aðgerðum ljúki. Að öðru leyti er vísað í ákvæði varðandi fráveitu í starfsleyfisskilyrðunum.

#### 5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Gerð var breyting á lið 2.2 í starfsleyfisskilyrðunum eftir að auglýsingatíma lauk. Í drögum að starfsleyfisskilyrðum var liður 2.2 svohljóðandi: „Heimilt er að taka á móti raftækjum og koma þeim áfram til móttökustöðvar með leyfi fyrir meðhöndlun raftækja. Meðhöndlun og vinnsla raftækja er ekki heimil án



starfsleyfis frá Umhverfisstofnun.“ Á auglýsingatímanum barst heilbrigðiseftirlitinu staðfesting Umhverfisstofnunar á því að það að taka rafhlöður úr raftækjum falli undir starfsleyfi Heilbrigðiseftirlitsins og því ekki þörf fyrir rekstraraðilann að sækja um starfsleyfi fyrir það til Umhverfisstofnunar. Því var liður 2.2 breytt eftir auglýsingu og er nú svohljóðandi: „Heimilt er að taka á móti raftækjum og koma þeim áfram til móttökustöðvar með leyfi fyrir meðhöndlun raftækja. Fjarlægja má rafhlöður úr raftækjum. Eiga má við raftæki til hagræðingar fyrir flutning s.s. að losa um hluta sem ekki innihalda spilliefni til að pakkist betur, en ekki er heimilt að fjarlægja spilliefni án starfsleyfis frá Umhverfisstofnun fyrir meðhöndlun spilliefna.“

## 6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis.

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, var ofangreind starfsleyfisumsókn Íslenska gámafélagsins tekin fyrir á 1534. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 11. maí 2021 og samþykkt að fresta afgreiðslu þar sem umsögn byggingarfulltrúa lá ekki fyrir.

Umsóknin var lögð fyrir að nýju á 1573. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 5. október 2021 og samþykkt að gefa úr starfsleyfi fyrir starfsemina til 12 ára. Jákvæðar umsagnirskipulagsfulltrúa, dags. 16. apríl 2021 og byggingarfulltrúa, dags. 4. október 2021 liggja fyrir.

## 7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 8. október 2021.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

---

Guðjón Ingi Eggertsson  
heilbrigðisfulltrúi